

Leiðbeiningar vegna skila gagna um meðhöndlun úrgangs

Samkvæmt 19. grein [laga 55/2003](#) um meðhöndlun úrgangs ber rekstraraðilum að skila Umhverfisstofnun skýrslu um meðhöndlaðan úrgang, á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til.

Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðilar skili flokkuðum gögnum, eins og er nánar tilgreint að neðan, og býður upp á tvær leiðir til að skila gögnunum í [Gagnagátt](#) stofnunarinnar. Annars vegar er hægt að skrá handvirkt inn tölur á þar til gerðu eyðublaði á vefnum, hins vegar er hægt að senda inn skilaskrá í textaformi eftir ákveðinni forskrift sem er lesin inn.

Fyrri aðferðin hentar aðilum sem þurfa ekki að skila mörgum röðum af gögnum, seinni aðferðin er hentugri fyrir þá sem skila umtalsverðum fjölda raða.

1. janúar 2018 tók gildi lagabreyting sem olli því að flestir aðilar þurftu nú að skila fleiri röðum, þá var farið fram á að sundurliða gögnin að auki eftir atvinnugreinaflokki og sveitarfélagi. Var það gert svo betur mætti rekja uppruna úrgangsins. Umhverfisstofnunsendi þann 19. október 2017 bréf á alla rekstraraðila með [lista yfir þær atvinnugreinar og sveitarfélög](#) sem skrá mætti á. Þessi listi var notaður árin 2018-2021 til að fylla út í Gagnagáttinni.

Uppfærsla var gerð á viðmóti Gagnagáttar árið 2022.

Umhverfisstofnun varð þess áskynja, eftir reynslu af skilum rekstraraðila milli árána 2018-2021, að fyrirkomulag skráningar atvinnugreinaflokka niður í deildir og bálka skv. ofangreindum lista, var ekki til þess fallið að einfalda skil fyrir rekstraraðila eins og lagt var upp með. Því breytti Umhverfisstofnun fyrirkomulaginu árið 2022 þannig að skráning atvinnugreina í Gagnagátt er nú nákvæm ÍSAT atvinnugreinaflokkun eftir [gefnum lista](#). Sjá nánar hér að neðan á bls. 3 um útfyllingu eyðublaða. Þetta er sama fyrirkomulag og hefur verið fyrir þá aðila sem hafa valið að skila gögnum í Gagnagáttina með skilaskrá (csv. skrá) frá árinu 2018. Á síðu 7 er farið yfir skilaskrár.

Magnskráning var einnig uppfærð 2022 á þann hátt að nú er aðeins hægt að slá inn magn í tonnum, sjá nánar hér að neðan á bls. 5.

Sundurliðun niður á sveitarfélög helst óbreytt.

Skil með skilaskrá (csv. skrá) helst að mestu leyti óbreytt

Efnisyfirlit

Leiðbeiningar vegna skila gagna um meðhöndlun úrgangs	1
Skráningarferli	2
Eyðublað	3
Skilaskrá	9
Forskrift	9
Dæmi	9
Ljúka skráningu	10

Skráningarferli

Notandi sem hefur fengið úthlutaðan aðgang að Gagnagátt Umhverfisstofnunar til að skila gögnum fyrir hönd rekstraraðila velur viðeigandi aðila eftir innskráningu (hægt er að skila fyrirfleiri en einn aðila ef svo á við).

Skráningarferlinu er skipt í 4 skref þar sem notandinn er leiddur í gegnumferlið – að auki er hægt að skoða og sækja skráningar aftur í tímann. Ef valið er að skila skrá þá er skrefum 2 og 3 sleppt sjálfkrafa, sömuleiðis ef rekstraraðili meðhöndlaði ekki úrgang á skilaárinu (skil á núll skýrslu).


Athugið að hægt er að staðfesta skráningu og breyta seinna svo framarlega sem ekki er búið að staðfesta skýrsluskil í skrefi 4.

Ef kemur í ljós að skil voru ekki fullnægjandi geta starfsmenn Umhverfisstofnunar opnað á skýrsluskilinn og notandi fer í gegnum ferlið aftur.

1. LEIÐBEININGAR

Efst má velja fyrir hvaða rekstraraðila er skráð. Einn einstaklingur getur verið skráningaraðili fyrir marga rekstraraðila svo vert er að gæta þess að skráð er fyrir réttan aðila í felliglugganum, efst á fyrstu síðunni, fyrir ofan Leiðbeiningar

Dæmi: ef skilin eru fyrir Umhverfisstofnun lítur það svona út:



2. VELJA ÚRGANGSFLOKKA

Skref 2 er til að aðlaga eyðublaðið í skrefi 3 þannig að úrgangsflokkar sem rekstraraðili er ekki með á sinni könnu flækist ekki fyrir í skráningunni. Notandi hakar við þá úrgangsflokka sem gögnum verður skilað fyrir.

- 07.12 Glerúrgangur (ekki umbúðir) (Ekki spilliefni) ⓘ
- 07.12 Glerúrgangur (ekki umbúðir) (Spilliefni) ⚠ ⓘ
- 07.21 Pappírs- og pappaubúðir (Ekki spilliefni) ⓘ
- 07.23 Pappírs- og pappauúrgangur (ekki umbúðir) (Ekki spilliefni) ⓘ
- 07.3 Hjólbarðar og annað gúmmí (Ekki spilliefni) ⓘ

Að því loknu eru þeir staðfestir og notandi færast á 3. skrefið Skráning.

Meðhöndlun úrgangs

- [Starfsmannafélag Umhverfisstofn](#)
- [Umhverfisstofnun](#)

Meðhöndlun úrgangs

- > 1. Leiðbeiningar
- > 2. Velja úrgangsflokka
- > 3. Skráning
- > 4. Skila
- > Yfirlit

3. SKRÁNING

Eyðublað

Ef valið er að skila gögnum með því að fylla út eyðublaðið þá birtast allir úrgangsflokkar sem valdir voru í skerfi 2 birtast á skráningarmynd álík þessari:

Skráðið tölur í tonnum. Notið punktaform ÍSAT (82.11 en ekki 8211).

† Sjá [lista yfir ÍSAT númer atvinnugreinaflokka](#) fyrir upprunaskráningu úrgangs (flokkurinn HEIMILI er fyrir almennan úrgang heimila og er viðbót við ISAT2008)

Staðfesta skráningu

Úrgangsflokkur	ÍSAT atvinnuflokkun	Sveitarfélag	Meðhöndlun	Magn/tonn
2021				
01.3 Notaðar oliur (spilliefni)				
	01.27 Ræktun jurta til drykkjargerðar	Kópavogsbær	Brennsla án orkunýtingar	12,000
	01.29 Ræktun annarra fjólærra nytjajurta	Kópavogsbær	Önnur endurnýting	45,000
01.4, 02, 03.1 Efnaúrgangur				
	21.20.0 Lyfjaframleiðsla	Kópavogsbær	Önnur endurnýting	23,000
07.12 Glerúrgangur (ekki umbúðir)				
07.23 Pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir)				

Bláu línurnar eru allir þeir flokkar úrgangs sem voru valdir voru í fyrra skrefi. Ef úrgangsflokk vantar er hægt að fara aftur í skref 2 og velja þar og staðfesta.

Fyrir hverja skráningu er plúsinn lengst til hægri við hvern úrgangsflokk valinn. Til að skrá inn aðra röð er ýtt á plúsinn á ný og þá birtist nýr skráningargluggi svo hægt er að skrá nýja línu:

10.11 Blandaður heimilísúrgangur (sorphirða, gámasvæði, rúmfrekur úrg.)

+

Þegar plúsinn er valinn þá birtist skráningarglugginn. Þar ber að skrá ÍSAT atvinnuflokkun (uppruni úrgangs), Meðhöndlun, Sveitarfélag (uppruni úrgangs) og magn í tonnu. **Notandi þarf að skrá í alla reitina svo að skráningin sé gild.**

Fyrst ber að skrá inn ÍSAT atvinnuflokkun:

×
10.11 Blandaður heimilísúrgangur (sorphirða, gámasvæði, rúmfrekur úrg.)

ÍSAT atvinnuflokkun

Meðhöndlun

Sveitarfélag

Magn (tonn)

Ekki slá inn þúsundapunkta, 23.001,4 (23 þúsund tonn) skráist sem 23001,4

Staðfesta

ÍSAT atvinnuflokkun

Svo hægt sé að rekja uppruna úrgangsins skal notandi skrá þann atvinnugreinaflokk starfseminnar þaðan sem úrgangurinn á uppruna. Skráð er inn „HEIMILI“ef úrgangur er frá heimilum eða ÍSAT2008 tala xx.xx.x ef hann er frá rekstri (getur verið þrjú-fimm tölustafir, **með punkt á milli**, en það fer eftir því hvort undirflokkun sé eða ekki, skrá skal uppruna úrgangs niður á eins nákvæma atvinnugreinaflokkun og hægt er).

Efst á skráningarsíðunni í Gagnagáttinni má sjá [lista fyrir ÍSAT2008 flokkana](#) fyrir upprunaskráningu úrgangs:


3. Skráning

Skráningarár 2021

Skráð tölu í tonnum. Notið punktaform ÍSAT (82.11 en ekki 8211).

☆ Sjá [lista yfir ÍSAT númer atvinnugreinaflokka](#) fyrir upprunaskráningu úrgangs (flokkurinn HEIMILI er fyrir almennan úrgang heimila og er viðbót við ÍSAT2008)

Mælt er með því að notandi hafi þann lista opin á meðan skráningu stendur til að finna nákvæmstu ÍSAT flokkun fyrir uppruna úrgangsins. Í [ÍSAT2008 Handbók Hagstofu Íslands](#) má einnig finna lista yfir ÍSAT Atvinnugreinaflokka.



Bákur	ÍSAT2008	Lýsing
HEIMILI	HEIMILI	Úrgangur frá heimilum
A	01	Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi
A	01.1	Ræktun nytjajurta annarra en fjözlæra
A	01.11	Kornrækt (að undanskildum hrísgrjónum), ræktun belgjurta og olíufrauja
A	01.11.0	Kornrækt (að undanskildum hrísgrjónum), ræktun belgjurta og olíufrauja
A	01.12	Hrísgrjónarækt
A	01.12.0	Hrísgrjónarækt
A	01.13	Ræktun grænmetis og melóna, róta og hnyðis
A	01.13.1	Ræktun á aldingrænmeti og papriku
A	01.13.2	Ræktun á kartöflum
A	01.13.9	Ræktun á öðru ótöldu grænmeti, rótum og hnyði
A	01.14	Ræktun sykurreys

Notandi finnur viðeigandi ÍSAT atvinnugreinaflokk í listanum.

Dæmi: Skráning á 30 tonnum af hrossaskít úr hesthúsum í Eyjafjarðarsveit sem á að jarðgera (setja í moltuframleiðslu). Í ÍSAT listanum má sjá að húsdýraskít frá hesthúsum væri hægt að skrá á tvö númer. Annars vegar 01.4 Búfjárrækt en nákvæmara væri að velja *01.43 Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt*. Muna skal að skrá inn punktinn.

- A 01.30.0 Plöntufjölgun
- A 01.4 Búfjárrækt**
- A 01.41 Ræktun mjólkurkúa
- A 01.41.0 Ræktun mjólkurkúa
- A 01.42 Önnur nautgriparækt
- A 01.42.0 Önnur nautgriparækt
- A 01.43 Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt**
- A 01.43.0 Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt**
- A 01.44 Úlfaldarækt og ræktun dýra af úlfaldaætt
- A 01.44.0 Úlfaldarækt og ræktun dýra af úlfaldaætt
- A 01.45 Sauðfjár- og geitarækt
- A 01.45.0 Sauðfjár- og geitarækt
- A 01.46 Svínarækt

09.31 Húsdýraskítur

ÍSAT atvinnuflokkun Hrossarækt og ræktun annarra dýra af hrossaætt

Sveitarfélag

Meðhöndlun

Magn (tonn)

Ekki slá inn þúsundapunkta, 23.001,4 (23 þúsund tonn)
skrúist sem 23001,4

Staðfesta

Ef um er að ræða blandaðan rekstrarúrgang sem kemur frá mörgum mismunandi atvinnugreinaflokkum sem ekki er hægt að aðgreina nánar er hægt að skrá hann á almennari atvinnuflokk eins og 38.11 Söfnun hættulítils sorps:

10.22 Blandaður, óskilgreindur úrgangur (t.d. frá rekstri)

ÍSAT atvinnuflokkun Söfnun hættulítils sorps

Sveitarfélag

Meðhöndlun

Magn (tonn)

Ekki slá inn þúsundapunkta, 23.001,4 (23 þúsund tonn)
skrúist sem 23001,4

Staðfesta

Að finna ÍSAT atvinnuflokkun á vefnum

Ef vitað er nákvæmlega frá hvaða rekstraraðila úrgangur er fenginn er einnig hægt að finna nákvæma ÍSAT flokkun lögaðila í [Fyrirtækjaskrá Skattsins](#).

Dæmi: Skráning 3 tónna af pappírúrgangi sem kom frá starfstöð Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Svona er **ÍSAT flokkun** Umhverfisstofnunar fundin í Fyrirtækjaskrá Skattsins:

Umhverfisstofnun (7010022880)

Stofnað/Skráð: 30.10.2002

Póstfang	Lögheimili	Sveitarfélag	Rekstrarform
Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík	Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík	0000 Reykjavík	K1 Ríkisstofnun

ÍSAT Atvinnugreinaflokkun

84.12.0 Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála og félagsmála, þó ekki almannatryggingar

Skráningin er því svona:

07.23 Pappírs- og pappaúrgangur (ekki umbúðir)
✕

ÍSAT atvinnuflokkun

Stjórnsýsla á sviði heilbrigðisþjónustu, mennta- og menningarmála

Meðhöndlun

Önnur endurvinnsla ▼

Sveitarfélag

Skútustaðahreppur ▼

Magn (tonn)

3

Ekki slá inn þúsundapunkta, 23.001,4 (23 þúsund tonn)
skrúist sem 23001,4

Staðfesta

Hér er ÍSAT Atvinnugreinaflokkun (ÍSAT2008) númerið „84.12“ og er því slegið inn 84.12 (muna að skrifa punktinn á milli). Í þessu dæmi er ekki þörf á „.0“ þar sem engin nánari undirflokkun er hér, flokkunin „84.12“ er sú sama og „84.12.0“. Hins vegar ef starfsemin væri alibú þá þyrfti mögulega að velja undirflokkun sem er annað hvort „01.47.1“ fyrir alifugla eða „01.47.2“ fyrir eggjaræktun.

Ef úrgangur er frá rekstri sem er skráður með fleiri en einn atvinnugreinaflokk skal atvinnugreinaflokkun þess úrgangs skrást á **aðalstarfsemi hlutaðeigandi einingar**. Aðalstarfsemi er sú starfsemi sem skilar mestum virðisauka en hún er merkt sem „(Aðal)“ undir ÍSAT nr. í Fyrirtækjaskrá¹.

Dæmi um fyrirtæki sem er skráð í eftirfarandi í Fyrirtækjaskrá:

ÍSAT Atvinnugreinaflokkun

- 38.11.0 Söfnun hættulítils sorps
- **38.21.0 Meðhöndlun og förgun hættulítils sorps**
- 38.32.0 Endurnýting flokkaðra efna


Fyrir neðan kemur:

Virðisaukaskattsnúmer		
Númer	Skráning	Afskráning
15528	01.01.1990	<div style="display: flex; align-items: center; justify-content: space-between;"> <div style="border: 1px solid red; padding: 2px;">ÍSAT nr.</div> <div style="border: 1px solid red; padding: 2px;">38210 Meðhöndlun og förgun hættulítils sorps (Aðal)</div> </div>

38210 Meðhöndlun og förgun hættulítils sorps (Aðal) þá skal skrá í Gagnagáttina ÍSAT Atvinnugreinaflokkun „38.21“ því hún er **aðalstarfsemi hlutaðeigandi einingar**.

¹ Nánari útskýringu má finna í kafla 1.3 *Flokka skal eftir aðalstarfsemi* (bls. 9) í [Handbók ÍSAT2008 Íslensk atvinnugreinaflokkun](#) frá Hagstofu Íslands.

Næst ber að skrá inn meðhöndlun, sveitarfélag (uppruna úrgangs) og magnið í tonnum.



Meðhöndlun

Í annan felliglugganum er valið um 7 mismunandi meðhöndlunarflokka sem tilheyra þremuryfirflokkum í endanlegri skýrslu. Sjá skilgreiningar í [lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs](#).

- Yfirflokkur: Endurvinnsla
 - Jarðgerð (hér er átt við moltugerð en ekki að úrgangur sé nýttur í landmótun eða urðaður)
 - Önnur endurvinnsla
- Yfirflokkur: Endurnýting
 - Brennsla með orkunýtingu
 - Notað sem fyllingarefni (sjá skilgreiningu í [breytingarlögum nr. 103/2021](#) fyrir „Fylling“)
 - Önnur endurnýting
- Yfirflokkur: Förgun
 - Urðun (ef efni er endurnýtt á urðunarstað ber ekki að skrá það hér heldur í „Önnur endurnýting“)
 - Brennsla án orkunýtingar

Sveitarfélag

Í öðrum felliglugganum birtist listi yfir þau sveitarfélög sem hægt er að skrá eftir. Þessi listi er uppfærður við hverja sveitarfélagabreytingu, til dæmis við sameiningar. Ef ekki er hægt að skrá uppruna úrgangs niður á eitt sveitarfélag skal skrá það á fjölmennasta sveitarfélagið.

Dæmi: Ef skrá á 8.001,44 tonn (8 þúsund tonn) af blönduðum heimilisúrgangi frá þremur sveitarfélögum Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Grindavík í brennslu. ÍSAT flokkun er þá „HEIMILI“ og skal skrá á það sveitarfélag sem er fjölmennast. Svona:

10.11 Blandaður heimilisúrgangur (sorphirða, gámasvæði, rúmfrekur úrg.) ✕

ÍSAT atvinnuflokkun

Meðhöndlun

Úrgangur frá heimilum

Sveitarfélag

Magn (tonn)

Ekki slá inn þúsundapunkta, 23.001,4 (23 þúsund tonn) skráist sem 23001,4

Staðfesta

Magn

Farið er fram á að skila magni í tonnum. Ef gögn notanda eru skráð í kílógrömmum (kg) þá þarf notandi sjálfur að umreikna það í tonn áður en hann skráir inn í Gagnagáttina. Aukastafir eru aðskildir með kommu eða punkti. **Athugið að ekki á að slá inn þúsundapunkta.** Þúsundapunktur birtist svo í línunni þegar skráning hefur verið Staðfest.

Dæmi: 23.001,4 (23 þúsund tonn) skráist sem = 23001,4

Magn (tonn)

+

Notað sem fyllingarefni	23.001,400
-------------------------	------------

9 komma 4 tonn = 9,4

Magn (tonn)

+

Önnur endurnýting	9,400
-------------------	-------

7 hundruð þúsund og átta komma 33 tonn = 708000,33

Magn (tonn)

+

Jarðgerð	708.000,330
----------	-------------

Þegar skráningu er lokið skal notandi staðfesta skráningu og þá er farið yfir í 4. skrefið (sjá nánar á bls. 10).

01.46 Svínarækt	Kópavogsbær	Urðun	3.411,000
+			
11.4 Ristarúrgangur og seyra			
HEIMILI Úrgangur frá heimilum	Mosfellsbær	Urðun	7.889,000
+			
13 Úrgangur sem gerður hefur verið stöðugur eða breytt í fast efni (spilliefni)			
38.11 Söfnun hættulítils sorps	Stykkishólmsbær	Notað sem fyllingarefni	14,000

Staðfesta skráningu

Skilaskrá

Ef valið er að skila inn skilaskrá þá er smelt á þann takka á fyrstu síðu, fyrir neðan leiðbeiningarnar. Þá birtist vafragluggi þar sem notandinn er beðinn um að velja textaskrá sem á að skila.

Uppfærslan 2022 felst í því að nú er hægt að sjá allar skráningarlínur áður en skil eru staðfest. Einnig er hægt að eyða út einstaka línum eða breyta þeim og bæta við einstaka skráningum (línnum). Villuleit fer fram í skránni en aðeins þær línur sem ekki eru eftir forskriftinni hlaðast ekki inn. Þá kemur upp tilkynning sem tilgreinir villuna. Þá er hægt að annað hvort slá inn þá línu handvirkt (sjá Eyðublað hér að ofan) eða hætta við skráninguna, fara til baka og laga villuna í csv. skránni og hlaða henni upp á nýtt. Hægt er að skila uppfærðri skrá svo fremi sem ekki er búið að staðfesta skilin.

Ef skráin fylgir forskriftinni rétt þá er notandinn færður á lokaskrefið þar sem viðkomandi getur staðfest skilin.

Á leiðbeiningasíðu er farið yfir forskrift fyrir skil og vísað í skrár hér að neðan sem auðvelda rekstraraðilum að sjá við hverju er búið samkvæmt forskriftinni. Boðið er upp á þessar skrár til að t.d. auðvelda vörpun á milli kerfis rekstraraðila og þessarar forskriftar.

Forskrift

Eftirfarandi dálkum er skilað í þessari röð:

- id_urgangsflokkur ([listi yfir úrgangsflokka í Excel-skjali](#))
- id_medhondlunarflokkur ([listi yfir meðhöndlunarflokka í einföldu textaskjali](#))
- sveitarfelag ([listi yfir sveitarfélög í einföldu textaskjali](#))
- ISAT2008 (pungtagildi – [listi yfir ÍSAT-númer í einföldu textaskjali](#))
- skraningarar
- magn í tonnum með enskri punktasetningu (3 komma 5 tonn er 3.5)

Röðun dálkana er mikilvæg til að innlestur skilaskrár takist.

Efsta línan tiltekur dálkana sem skilað er og er ekki lesin í innlestri. Allar línur þar á eftir eiga að innihalda þessa 6 dálka og þau gildi sem leyfilegt er að séu í þeim miðað við uppgefna lista.

Dæmi

Hægt er að sjá [dæmi um skilaskrá hér í einföldu textaskjali](#).

Krufning á línu tvö í dæmi um skilaskrá:

```
"47", "6", "1000", "01.46", "2016", "341"
```

- Úrgangsflokkur er 47 sem er *Blandaður óskilgreindur úrgangur*.
- Meðhöndlunarflokkur er 6 sem er *Urðun*.
- Sveitarfélagsnúmer er 1000 sem er *Kópavogsbær*.
- Atvinnugreinarflokkur er 01.46 sem er *Svínarækt*.
- 2021 er skráningarárið sem er verið að skila fyrir.
- 341 eru tonninn sem var skilað

4. SKILA

Ljúka skráningu

Á síðustu síðunni má sjá yfirlit yfir skýrsluskilin. Hægt er að breyta skráningum svo lengi sem ekki er búið að staðfesta skýrsluskilin. Ef upp koma annmarkar á skilum notanda eða í ljós kemur að skil voru ekki fullnægjandi geta sérfræðingar Umhverfisstofnunar opnað á skýrsluskilin (ógildað skilin) og notandi fer í gegnum ferlið aftur.

Ef allt lítur vel út getur notandi lokið skráningunni með því að **Staðfesta skýrsluskil** sem er gert með því að ýta á hnappinn neðst á eyðublaðinu. Við staðfestingu læsast skilin og skiladagur er miðaður við staðfestingardag.

Ef notandi hefur einhverjar viðbótarupplýsingar um skilin eða úrganginn er velkomið að skrá það inn hér. Allar upplýsingar um t.d. gæði gagnanna eða breytingar frá fyrri skilum eru vel þegnar.

Eitthvað sem þú vilt bæta við?

Staðfesta skýrsluskil